

uður á húsaleigunni og kröfum á hendur gerðarbeiðanda. Þótt gerðarþola hefði verið heimilt að skuldajafna vöruúttekt gerðarbeiðanda við hina vangoldnu húsaleigu, var honum skylt, ef hann vildi notfæra sér þá heimild, að gera gerðarbeiðanda aðvart um það á réttum gjalddögum leigunnar, en ekki verður séð, að hann hafi gert það, heldur býður hann fram leigu í peningum 8. maí s. l., en henni var neitað móttöku vegna orðins greiðsludráttar. Verður samkvæmt þessu að telja, að skuldajafnaðarkrafa gerðarþola sé of seint fram komin, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina hér.

Þar sem fallast verður á, að vanskil þau, sem gerðarþoli var í, er hann bauð fram leiguna 8. marz s. l., séu svo veruleg, að útburði varði, hvort sem svo verður litið á, að leiga hafi átt að greiðast fyrir fram eða eftir á, verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af embættisönnum, m. a. vegna sumarleyfa.

#### Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 9. maí 1945.

Nr. 35/1944. **Grímur h/f** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Ólafi Sigurðssyni** (Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ómerking og heimvísun vegna gallaðrar meðferðar máls í héraði.

#### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp af Jóni sýslumanni Steingrímssyni.

Mál þetta var upphaflega flutt í héraði án þess að gætt væri nægilega reglna IX. kafla laga nr. 85/1936. Varð þetta til þess, að aðiljar æsktu þess í bréfi til dómara 25. janúar

1944, að málið yrði hafið, en ekki sést, hvort eða hvenær dómari hefur orðið við þeim tilmælum. Næst gerist það í málinu, að aðiljar mæltust til þess á dómþingi 7. febrúar 1944, að málið yrði skriflega flutt. Samþykkti dómari það. Að því búnu lögðu aðiljar fram sáttakæru, dags. 11. marz 1943, og stefnu, dags. 7. febrúar 1944, svo og hvor sína greinargerð, er þeir höfðu áður lagt fram í málinu, og önnur skjöl, er áður höfðu verið lögð fram. Var málið síðan lagt í dóm og dómtekið. Þessi meðferð er andstæð 106. gr., 108. gr., 109. gr. og 110. gr. laga nr. 85/1936. Aðiljar eru ólögfróðir menn, og hefur dómari því vanrækt leiðbeiningarskyldu þá, sem á hann er lögð með 114. gr. sömu laga.

Samningu hins áfrýjaða dóms er áfátt í ýmsum greinum.

Dómari hefur látið undir höfuð leggjast að greina í upphafi dómsins nöfn aðilja og heimilisfang.

Í kröfugerð krafðist stefnandi í héraði þess m. a., að stefndi í héraði yrði dæmdur til að afhenda sér endurgjaldslaust 2 hlutabréf í h/f Grími, hvort að nafnverði eitt þúsund krónur, með arðmiðum frá stofnun félagsins, en til vara jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Bar dómara að leggja fyrst dóm á aðalkröfuna, og ef hún var ekki tekin til greina, þá að taka afstöðu til varakröfunnar. Í þess stað hefur dómari látið sér nægja í forsendum dómsins að lýsa því, að hann tæki dómkröfu stefnanda til greina, en í niðurlagsorðum dómsins er m. a. svo kveðið á, að stefndur í héraði skuli afhenda stefnandanum endurgjaldslaust þar greind *hlutabréf eða jafngildi þeirra í peningum*. Framangreind meðferð er brýnt brot á 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Loks hefur dómari í dómsorðinu vísað dómsatriði til matsgerðar, er síðar skyldi fram fara. Þessi háttur er andstæður 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936. Vegna framangreindra megingalla verður að ómerkja meðferð máls þessa frá þingfestingu þess og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

## Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þingfestingu og héraðsdómur skulu ómerk vera, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. marz 1944.**

Mál þetta er höfðað með stefnu útg. 7. f. m. og þingfest og dómtekið sama dag.

Stefnandinn krefst þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 5430.00 með 5% ársvöxtum frá 1. 1. 1942 að telja til greiðsludags svo og til að afhenda sér endurgjaldslaust 2 1000 kr. hlúta-bréf í h/f Grímur með arðmiðum frá stofnun félagsins eða til vara jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því, að í marzmánuði 1941 hafi hann sótt um inngöngu í félagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi, er hann telur hafa verið samvinnufélag. Var inntökubeiðni hans að tilhlutun stjórnar félagsins borin upp á aðalfundi 26. marz og þar fellt að taka hann í félagið. Voru um þetta leyti uppi miklar deilur í félaginu um greiðslur til félagsmanna úr sjóði félagsins, og samþykkti framhaldsaðalfundur, er haldinn var 16. apríl s. á., að vikja 3 aðalstjórnarnefndarmönnum og einum varastjórnarnefndarmanni úr stjórninni, en áður en þessir stjórnarnefndarmenn skiluðu af sér í hendur félagsfundar, samþykktu þeir á fundi 19. apríl að taka stefnanda inn í félagið, þrátt fyrir ályktun félagsfundarins 26. marz. En stjórn sú, er þá tók við völdum í félaginu, hefur ætíð síðan neitað að viðurkenna hann sem löglegan félagsmann, og hefur hann því eigi fengið að njóta félagsréttinda. Stefnandi virðist hafa sent áskilin félagsgjöld við inngöngu með inntökubeiðni sinni, en þau voru endurgreidd honum eftir fundinn 26. marz, en er fráfarandi félagsstjórn samþykkti að taka hann í félagið, virðist hann eigi hafa greitt nein félagsgjöld.

Telur stefnandi, að óheimilt hafi verið að neita sér um inngöngu í samvinnufélagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi, þar sem hann hafi uppfyllt öll þau skilyrði, sem í 3. gr. félagslaganna eru sett fyrir inngöngu í félagið. Og af því telur hann hljóta að leiða, að greiða eigi honum þær bætur, er geri hann jafnvel

settan fjárhagslega og þá menn, er á fundinum 26. marz voru samhliða því, að honum var synjað um inngöngu í félagið, teknir inn í það, en þá kveður hann hafa fengið, er samvinnufélaginu Grímur var slitið og breytt í hlutafélag, greiddar í peningum kr. 5430.00 og auk þess 2 1000 kr. hlutabréf í h/f Grímur. Loks telur hann, að h/f Grímur eigi að greiða honum skaðabætur þessar, þar sem í stofnsamningi félags þessa segir, að það taki við eignum og skuldum Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið löglegur félagsmaður í félaginu Samvinnuútgerðin Grímur, því samþykkt fráfarandi félagsstjórnar um að taka hann í félagið 19. apríl 1941 hafi verið markleysa ein, því sú stjórn hafi verið svipt öllu umboði til að stjórna málefnum félagsins á fundi 16. s. m.

Þá telur hann, að Samvinnuútgerðin Grímur hafi eigi verið samvinnufélag, og bendir á í því sambandi dóm hæstaréttar genginn 20. maí 1942 í málinu: Réttvisin og valdstjórnin gegn Friðrik Þórðarsyni o. fl.

Loks telur hann, að stefnandi hafi eigi getað byggt neinar kröfur um að vera tekinn inn í félagið Samvinnuútgerðin Grímur á ákvæðum 3. gr. félagslaganna.

Að réttarins áliti kemur hér fyrst og fremst til álita, hvort Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi hefur verið samvinnufélag eða eigi, og ef svo verður litið á, að félagið hafi verið samvinnufélag, þá hvort af því leiði, að þeir, er inngöngu beiddust í félagið og tvímælalaust uppfylltu inngönguskilyrði þau, er sett voru í félagslögnum, hafi átt ótvíræðan rétt á að gerast félagsmenn.

Er athuguð eru lög félagsins, kemur glögglega í ljós, að tilgangur stofnenda þess hefur verið að stofna samvinnufélag. Auk þess sem heiti félagsins ber það með sér, eru ákvæði 3. gr. um inngöngu í félagið, 10. gr. um félagsgjöld, 12. og 13. gr. um skiptingu á hagnaði og 14. gr. um sjóðseignir með þeim hætti, að eigi dylst, að ætlunin er að stofna samvinnufélag. Þá eru í 19.—21. gr. ákvæði, þar sem beint er sagt, að um ábyrgð félagsmanna, er gangi úr félaginu, um félagsslit og um ráðstöfun sjóðeigna fari eftir samvinnulögum. Engin ákvæði eru í félagslögnum, er eigi virðast samræmanleg samvinnulögnum. Þá hefur félagið verið athugasemdalaust skráð í samvinnufélagaskrá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í hæstaréttardómi gengnum 29. 1942 í opinberu máli gegn stjórn félagsins er kveðið svo að orði, „að félagið virðist hafa verið rekið allmörg undanfarin ár, þar á meðal allt árið 1940, utan verksviðs þess, er samvinnufélögum er sett í 2. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 1937, án þess þó, að félaginu hafi verið komið í annað lögmætt horf, sbr. 39. gr. nefndra laga.“ Og hefur hæstiréttur með tilvisun til þess eigi talið refsiverða arðgreiðslu

úr sjóði félagsins, er alls eigi er samræmanleg ákvæðum samvinnulaga. En af þessu verður á engan hátt ráðið, að hæstiréttur slái því föstu, að félagið sé eigi samvinnufélag, enda segir hann, að stjórn félagsins hafi borið, er henni var ljóst, að félagið var rekið utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett, að gera gangskör að félagsslitum.

Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að félagið Samvinnuútgærdin Grímur í Borgarnesi hafi verið samvinnufélag, er stefnandi sótti um inntöku í það í marzmánuði 1941.

Í 3. gr. samvinnulaganna nr. 46 frá 1936 er gerð grein fyrir því, hver eru aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga, og er þar í fyrsta tölulið tilgreint, að aðgangur sé frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Mun þetta og almennt viðurkennt, enda í alla staði eðlilegt, að félög þessi séu opin til inngöngu fyrir alla, er á félagssvæðinu búa og eigi stunda sams konar atvinnurekstur og félagið rekur, þar sem þeim í samvinnulögunum og öðrum lögum eru veittar mikils verðar ívilnanir um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga, fram yfir önnur félög. Þá sýnir ákvæði 9. töluliðs 3. gr. samvinnulaganna um ráðstöfun sjóðeigna samvinnufélaga við félagsslit, að löggjafinn hefur eigi skoðað félags eignina sem einkaeign þeirra, er á þeim tíma eru félagsmenn, því samkvæmt því ákvæði eiga sjóðeignir þessar að hverfa undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar og af henni að afhendast nýju samvinnufélagi, er kann að verða myndað á sama félagssvæði, og geta að sjálfsögðu staðið að myndun þess félags menn, er eigi voru í hinu eldra félagi.

Í 3. gr. félagslaga fyrir Samvinnuútgærdina Grímur í Borgarnesi eru tilgreind skilyrði fyrir inngöngu í það félag. Verður eigi annað séð en stefnandinn hafi uppfyllt eða verið reiðubúinn til að uppfylla öll þau skilyrði. Hins vegar hefur stjórn félagsins haft þá óvenjulegu aðferð við afgreiðslu umsókna þeirra, er henni bærust í marzmánuði 1941, að taka eigi afstöðu til þeirra heldur að leggja þær fyrir félagsfund til samþykktar eða synjunar, og varð það til þess, að sumir af umsækjendum fengu inngöngu í félagið, en öðrum, og þar á meðal stefnanda, var vísað frá, án þess að færð væru fram nokkur rök fyrir því, að þeir eigi uppfylltu inntöku-skilyrðin.

Verður rétturinn samkvæmt framansögðu að líta svo á, að stefnandi máls þessa hafi átt rétt á að fá inngöngu í samvinnufélagið Samvinnuútgærdin Grímur í Borgarnesi, er hann sótti um inngöngu í það í marzmánuði 1941. Þann skaða, er hann varð fyrir við það, að félagsfundur neitaði að taka hann inn í félagið, verður félagið að bæta honum, og þar sem h/f Grímur tók við stofnun þess félags við öllum eignum og skuldum Samvinnuútgærdarinnar Grímur, yfirfærast sú bótaskylda á það félag.

Stefndur hefur eigi véfengt, að bótakrafa stefnanda sé rétt talin.

Ber því að taka dómkröfu stefnanda til greina. Eftir atvikum virðist rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 300 kr. í málskostnað.

Þess skal getið, að síðan mál þetta var tekið til dóms, hefur dómarrinn farið tvær vikuferðir til Reykjavíkur í erindum héraðsins, og hefur því dómur eigi verið fyrr uppkveðinn.

**Því dæmist rétt vera:**

Stefndur í máli þessu, h/f Grímur í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430.00 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá  $\frac{1}{11}$  1942 að telja til greiðsludags. Þá afhendi stefndur stefnandanum endurgjaldslaust 2 — tvö — hlutabréf í h/f Grímur, hvort að nafnverði 1000 — eitt þúsund — krónur með arðmiðum frá stofnun félagsins, eða jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Loks greiði stefndur stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum á að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1945.

Nr. 20/1945. Réttvísinn (Magnús Thorlacius)

gegn

Björgólfi Sigurðssyni. (Garðar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brenna.

**Dómur hæstaréttar.**

Það athugast, að samkvæmt skýrslu lögreglumanna virðist aðeins annar skúr ákærða, þ. e. íbúðarskúrinn, hafa brunnið.

Ákærði virðist hafa verið haldinn þunglyndi og með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann framdi brot sitt. Ekki verður fullyrt, að honum hafi fyrir fram verið það ljóst, að áfengisneyzla hans mundi trufla svo geðsmuni hans sem hér varð raun á, og þykir því rétt að ákveða refsinguna með hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.